

brotið gegn banni lögreglustjórans. Það er upplýst, að lögreglustjórinn í Reykjavík hafi vísað hinum kærða burt hjeðan úr lögsagnarumdæminu, að hann að vísu hafi farið. en komið aptur sama dag; en með því lögreglustjórinn ekki lýsti því yfir við hinn kærða, að sekt lægi við, ef hann ekki hlýðnaðist boði þessu, virðist ekki nægileg ástæða til að dæma hann fyrir óhlýðni gegn banni lögreglustjóra. Aptur á móti virðist hinn kærði eptir atvikum eiga að greiða málskostnað fyrir undirrettinum, og ber því að svo miklu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða lögreglurjettardóm, eins og honum líka ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Jakob Jónsson, á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli. Um málskostnað í hjerði á dómur undirrettarins að vera óraskaður. Svo greiði hann og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 14/1880.

Jón landshöfðingjaritari
Jónsson
gegn
Halldóri yfirkennara
Friðrikssyni.

Úrskurður:

Með stefnu, dagsettri 29. apríl þ. á., hefur Jón landshöfðingjaritari Jónsson áfrýjað til landsyfirrettarins dómi, kveðnum upp í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 8. s. m., en með þeim dómi er hann dæmdur í 100 kr. sekt til landssjóðs, eða 30 daga einfalt fangelsi, fyrir meiðandi ummæli um Halldór yfirkennara Friðriksson, og ummæli þessi dæmd dauð og ómerk; jafnframt hefur hann áfrýjað úrskurði, er kveðinn hafði verið upp í því máli 12. febr. næst á undan, og þar sem honum var neitað um mánaðarfrest í málinu, en veittur 8 daga frestur. Áfrýjandinn hefur hjer fyrir rjettinum til bráðabirgða beint sókn sinni að hinni formlegu hlið bæjarþingsdómsins, og krafizt principaliter, að formalitet málsins verði útkljáð svo, að hinn uppkveðni hjeradsdómur verði dæmdur ómerkur, nefndum úrskurði hjeradsdómarans frá 12. febr. hrundið og breytt, og málinu vísað heim í það ástand, sem það var í, er úrskurðurinn var kveðinn upp; til vara hefur hann krafizt missiris frests, eða annars nægilegs frests í málinu til þess að fengnu leyfi mótpartsins eða að keyptu leyfisbrjefi að útvega hjer fyrir yfirdómi frekari sannanir í málinu en þær, sem komið hafa fram í hjeraði, einkum með nýjum spurningum til vitna þeirra, sem búið er að yfirheyra, eða með því að yfirheyra ný vitni; mest til vara hefur hann krafizt 14 daga frests til málsútlitunar í realitetinui, og til þess að setja fram ýtarlegar kröfur sínar í tilliti til hennar. Hinn stefndi, Halldór yfirkennari Friðriksson, hefur mótmælt öllum þessum kröfum áfrýjandans og krafizt, að málið verði nú þegar dæmt í aðalefni þess og undirrettardómurinn staðfestur.

Að því er snertir aðalkröfu áfrýjandans, bera bæjarþingsgjörðirnar með sjer, að hann 12. febr. þ. á.

hefur krafizt að fá frest fyrir undirrjettinum, þangað til dómur væri fallinn í landsyfirrjettinum í vitnaleiðslumáli, er áfrýjandinn hafði höfðað til rjettlætningar áður nefndum ummælum, og sem hann hafði áfrýjað sjerstaklega, en að undirdómarinn hafði neitað honum um þennan frest, en aptur á mót veitt honum 8 daga frest, sem hann hafði bedið um til vara. Með því að yfirdómurinn verður að fallast á þá skoðun undirdómarans, að það leiði af fyrirmælum tilskipunar 17. maí 1690, að sá málspartur, sem með úrskurði dómarans í vitnaleiðslumáli hefur verið neitað um að leggja spurningar fyrir vitni, en sem áfrýjar vitnaleiðslumálinu til æðri rjettar til þess að fá þeim úrskurði breytt, ekki geti heimtað aðalmálinu frestað, þangað til dómur er fallinn í æðri rjetti um vitnaleiðslumálið, þá verður krafa áfrýjandans um, að bærjþingsdómurinn af þessari ástæðu veði dæmdur ómerkur, og málinu vísað heim aptur, ekki tekin til greina. Varakrafa áfrýjandans um, að honum verði veittur missiris frestur eða annar nægilegur frestur til að útvega frekari sannanir í málinu, verður heldur ekki tekin til greina gegn mótmælum hins stefnda, enda virðist svo, sem áfrýjandanum hefði verið innan handar að útvega þessar sannanir áður en málið fjell í rjett í yfirdóminum. Hins vegar virðist vera ástæða til að veita áfrýjandanum hinn um beðna hálfsmánaðar frest til málsútlistunar um aðalefni málsins.

Því dæmist rjett að vera:

Aðalkrafa áfrýjandans, Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar, um, að hjeradsdómurinn í máli þessu verði dæmdur ómerkur, úrskurði 12. febr. þ. á. í málinu hrundið og breytt og málinu vísað heim aptur, verður ekki tekin til greina, nje heldur

krafa hans um missiris eða annan nægilegan frest til að útvega nýjar sannanir í málinu, en aptur á móti veitist honum hálfsmánaðar frestur til að koma fram með málsútlitun sína og rjettarkröfur um aðalefni málsins.

Nr. 27/1880.

Hið opinbera.
gegn.

Sigurði Tómassyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Nordur-Múlasýslu 16. apríl þ. á., er Sigurður Tómasson, þá á Hánefsstaðaeyri í Seyðisfirði, dæmdur fyrir óleyfilega lausamennsku í 20 kr. sekt, og til að greiða eitt hundr- að á landsvísu, sem borgist í peningum eptir gildandi verðlagsskrár meðalverði, og eiga gjöld þessi að skiptast til helminga milli fátækra sjóðs Seyðisfjarðarhrepps og hreppstjórans í tjeðum hreppi, svo er hinn kærði og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað; en þessum dómi er eptir ósk hins kærða áfrýjað til yfirdómsins.

Hinn kærði, sem er 26 ára að aldri og ættaður af Álptanesi, fór austur á Seyðisfjörð árið 1876, og var þar í 2 ár vinnumaður hjá sama bónda, en árið 1878 ætlaði þessi bóndi að flytja sig til Vesturheims og seldi þá hús sitt; varð hinn kærði þá vistlaus um vorið, en fór um haustið, 4. októbr. í aðra vist. Í þeirri vist var hann til vinnuhjúaskildaga vorið eptir, eða 14. maí 1879, en fór þá ekki í neina vist, heldur var sjálfs sín um sumarið, og hjelt út báti til sjóróðra, rjedi á hann háseta, og sá sjer og mönnum sínum fyrir hús- næði og kosti; en 12. október um haustið fór hann